

## Upplýsingar til umsækjenda

### um starfslaun úr styrktarsjóði Stofnunar Wilhelms Beckmanns

Í umsókn um starfslaun/styrk úr styrktarsjóði Stofnunar Wilhelms Beckmanns skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn listamanns; fullt nafn, kennitala, heimili og sími.
2. Heimasíða listamanns; tilgreina skal slóð heimasíðu umsækjenda og aðrar síður þar sem upplýsingar er að finna um störf hans.
3. Ferilskrá; þar komi fram upplýsingar um menntun, helstu leiðbeinendur, sýningar, viðurkenningar og helstu verk.
4. Greinargóð lýsing á verkefni sem umsækjandi sækir um starfslaun/styrk til að vinna að; listrænu gildi þess, grunnhugsun, mikilvægi og samhengi. Hámark 800 orð.
5. Lýsing á verkefninu í hnotskurn; 100 -150 orða samantekt um listamanninn og verkefnið sem Stofnun Wilhelms Beckmanns má nota til að kynna listamanninn/verkefnið.
6. Verk- og tímaáætlun; hér skal greina frá tímaramma verkefnisins þar sem fram kemur hvernig, hvar og hvenær það verður unnið.
7. Umsóknum skal skilað rafrænt. Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn í pdf formati og að hámarki 500 MB.

Skilyrði umsóknar og umsækjendum til upplýsingar:

1. Umsækjendur mega ekki hafa samband við matsnefnd, sbr. reglur Stofnunar WB um úthlutun styrkja, vegna styrkumsókna meðan vinnsla þeirra fer fram. Öllum fyrirspurnum og ábendingum skal beina til formanns matsnefndar í Gerðarsafni/ Listasafni Kópavogs. Brot á þessu getur leitt til þess að umsókn verði vísað frá.
2. Úthlutun úr styrktarsjóði Stofnunar Wilhelms Beckmanns er endanleg á stjórnsýslustigi og sætir ekki kæru.
3. Stjórn Stofnunar Wilhelms Beckmann úthlutar starfslaunum/styrk stofnunarinnar að fengnum tillögum matsnefndar. Allir sem koma að afgreiðslu og mati

styrkumsókna eru bundnir þagnarheiti. Stjórn stofnunarinnar og matsnefnd fylgja almennum reglum um vanhæfi. Niðurstaða um styrkveitingu er tilkynnt umsækjendum í tölvupósti og birt á heimasíðu stofnunarinnar.

4. Umsóknir og fylgigögn sem berast eftir að umsóknarfrestur er útrunninn eru ógildar og ekki teknar til umfjöllunar af matsnefnd.
5. Við kynningu þeirra verkefna sem fá styrk úr sjóðnum ber að taka fram nafn Stofnunar Wilhelms Beckmann hvort sem er rafrænt eða á prenti.